

Ríkisaðili	Menntaskólinn að Laugarvatni	Ráðuneyti	Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Ábyrgðaraðili	Jóna Katrín Hilmarsdóttir, skólameistari		
A	Kjarnastarfsemi		
	<p><i>Menntaskólinn að Laugarvatni er ríkisstofnun sem heyrir undir starfssvið Mennta- og menningarmálaráðherra.</i></p> <p><i>Skólinn er bóknámsskóli með bekkjaskipulagi. Stór hluti af starfsemi hans, auk þess sem lýtur að námsframboði, er rekstur heimavistar, mötuneytis og þvottahúss. Nánast allir nemendur skólans dvelja í heimavistarhúsum hans. Fjöldi nemenda er 145 veturinn 2020-2021.</i></p> <p><i>Mötuneytiskólans er sjálfseignarstofnun og er rekið með þjónustu við nemendur í huga, án hagnaðar, með sér kennitölu og sjálfstæðan fjárhag. Yfirstjórn þess er skólanefnd ML og er skólameistari framkvæmdarstjóri en matreiðslumeistari sér um daglegan rekstur. Í þvottahúsinu er þvottur allra íbúa á heimavist þveginn. Vorið 2020 var afar þungt í rekstri mötuneytis og haustið jafnvel enn þyngra sökum Covid-19 ástandisins. Það liggur ljóst fyrir að mikill halli verður á rekstri þess.</i></p> <p><i>ML er bekkjakerfisskóli með brautaskipulag fyrir fram ákveðið á fyrstu tveimur námsárunum. Í nýju þriggja ára kerfi til stúdentsprófs er mjög aukið val nemenda á þriðja námsári. Því er lokaár nemenda meir í líkingu við áfangakerfisskipulag. Skólinn býður upp á nám á tveimur námsbrautum til stúdentsprófs í nýju þriggja ára kerfi: Félags- og hugvísindabraut og Náttúruvísindabraut. Vorið 2018 útskrifaðist síðasti árgangurinn í eldra kerfinu og sá fyrsti í nýju þriggja ára kerfi. Vorið 2020 útskrifuðust 38 nemendur frá skólanum og brotthvarf frá ML er lítið.</i></p> <p><i>Hlutverk og stefna skólans er að búa nemendur undir áframhaldandi nám og í ljósi breyttrar samsetningar íslensks þjóðfélags vill skólinn stuðla að jöfnum tækifærum þeirra nemenda sem búa á landsbyggðinni og ekki síst þeim nemendum sem búa á dreifbýlum svæðum og hafa íslensku sem annað tungumál.</i></p>		

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

Stærstur hluti rekstrarfjár skólans fer í launakostnað þeirra 37 sem nú starfa við stofnunina. Aukið fé hefur verið lagt í sálfræðiþjónustu fyrir nemendur og auk þess hefur skólinn tekið þá stefnu að auka stuðning við nemendur með íslensku sem annað tungumál. Launakostnaður ársins 2020 er áætlaður um 62% af rekstrarkostnaði skólans, húsnæðiskostnaður/leigukostnaður um 28%, afskriftir um 1,3% og annar kostnaður um 8,7%.

Í tengslum við innleiðingu þriggja ára náms var samin ný námskrá árið 2015 og stefnt að því að ljúka endurskoðun námskrárinnar veturinn 2020-2021. Skólanámskráin heldur meðal annars utan um ríka sögu skólans og hefðir sem skapast hafa í gegnum áratugina. Faglegt innihald brauta verður til endurskoðunar í vinnu vetrarins þar sem góð reynsla er komin á áfangana og tímabært að uppfæra lýsingar í takt við þróun kennslu og náms. Námskráin í heild sinni endurspeglar flesta þætti er snerta nemendur og starfsmenn Menntaskólans að Laugarvatni.

Með þessum áherslum í kjarnastarfsemi tekur skólinn virkan þátt í vinnu við markmið stjórnvalda um að auka gæði menntunar í framhaldsskólum. Vonir standa til að þess að við náum að laða til okkar fleiri nemendur með íslensku sem annað tungumál sem búsett eru í dreifðari byggðum, til að tryggja þeim rétt til frekara náms. Stuðlar það jafnframt að gæðanámi nemenda óháð búsetu enda heilmikill mannauður sem býr í dreifðari byggðum og er af erlendu bergi brotinn og hefðu mikinn stuðning af því að geta nýtt sér nám í heimavistarskóla enda ekki alltaf vinir eða fjölskylda til staðar til að líta eftir unga fólkinu ef það flyst búferlum frá kjarna fjölskyldunni. Eins vinnum við að því að fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma með því að stuðla að minna brottfalli með góðum skólabrag og starfsanda. Markmið 2 og 3 sem stjórnvöld setja í Fjármálaáætlun 2021-2025 eru okkar leiðarljós í áætlun þessari.

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
		4.3	Að greina ástæður brotthvarfs og bregðast við í samræmi við þær.	Skýrsla til Menntamálastofnunar	Skráð	Að skráning eigi sér stað	Að skráning eigi sér stað

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

A1	Að brotthvarf milli anna og skólaára verði í lágmarki.		Brotthvarf frá skólanum skv. gögnum skólans – brotthvarf á önn fyrir námsmatstíma, ekki við annarskil	Gögn í Innu	1	1	1
			Hlutfall innritaðra á fyrsta ár skólans sem brautskrást á tilsettum tíma. Mælikvarði á því hversu vel nemendur haldast í ML horft yfir áætlaðan námstíma þeirra í skólanum við innritun.	Gögn í Innu	80%	82%	85%

Tengist markmiði málaflokks

Tengist markmiði ríkisstjórnarinnar að fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma. Tengist og markmiði 1 í rekstrarþáttum.

Nr.	Verkefni/aðgerðir		Upphaf	Endir
A1.1	Að gera úttekt á vinnustundarfyrirkomulagi. Kanna þarf hversu gagnlegt og markvisst það er fyrir nemendur og taka afstöðu		Hefur verið í einni eða annarri mynd í tvö skólaár	Vor 2021

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

A1.2	Kennarar og stjórnendur setji sig sérstaklega í samband við nemendur í gegnum fjarfundabúnað á meðan Covid-fjarkennslu stendur og fylgist sérstaklega með líðan og námsgetu nemenda sinna.					Haust 2020	Vor 2021
A1.3							
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
A2	Að nemendum líði vel/betur í skólanum og á heimavistum.	4.3	Hlutfall foreldra sem telja börnin sín ánægð í skólanum og á heimavist	Foreldrakönnun 2021	98% (tölur síðan 2015)	98%	98%
			Raunmæting (lögleg fjarvera EKKI fráðregin) í lok haustannar ár hvert.	Mætingalisti - skráning í Innu	91.0%	92%	92%
			Dregið úr einelti, ofbeldi og kynferðislegri áreitni	Niðurstöður Framhaldsskólupúlsins	Yfir landsmeðaltali	Undir landsmeðaltali	Undir landsmeðaltali
Tengist markmiði málaflokks							
<i>Tengist markmiði ríkisstjórnarinnar að fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma. Stoðþjónusta svari þörfum nemenda fyrir ráðgjöf, stuðning og viðeigandi úrræði svo þeim sækist námið vel. Tengist einnig markmiði 1.</i>							

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A2.1	Samantekt varðandi raunmætingu birt í skólaskýrslu					2020	2022
A2.2	Að gera könnun meðal foreldra um líðan nemenda og upplifun á skólastarfinu sem hluta af innra mati skólans. Niðurstaða borin saman við fyrri kannanir.					Haust 2021	Haust 2021
A2.3	Sjá umbótaáætlun vegna innra mats 2019-2020. Dæmi: uppfærðir gátlistar, fræðsla					2020	2022
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2021	Viðmið 2023
A3	Aukin gæði menntunar	4.3	Uppfærð námskrá	Námskrá	Ekki hafið	Vinna hafin	Vinnu lokið
			Niðurstöður úr könnun meðal 5 ára stúdenta	Könnun meðal 5 ára stúdenta	Hlutfall þeirra sem telja sig vel undirbúna undir háskólanám	Nánari og betri upplýsingar úr könnun meðal 5 ára stúdenta	Merki um bættu niðurstöðu úr könnun meðal 5 ára stúdenta
Tengist markmiði málaflokks							

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

<i>Auka gæði menntunar í framhaldsskólum.</i>				
Nr.	Verkefni/aðgerðir		Upphaf	Endir
A3.1	Endurskoðun á námsskrá skólans		Haust 2020	Haust 2021
A3.2	Rýna í niðurstöður úr könnun meðal 5 ára stúdenta		Haust 2020	Vor 2021
A3.3	Niðurstöður könnunar meðal 5 ára stúdenta kynntar á kennarafundi			

B	Rekstrarþættir																				
	<p><i>Stjórnsýsla ML samanstendur af skólameistara og áfangastjóra í 50% starfi og heldur hann m.a. utan um öll upplýsingamál, nemendaskrá, námsferla, innritun, mætingabókhald og töflugerð svo eitthvað sé nefnt. Starf aðstoðarskólameistara var lagt niður árið 2016 og önnur störf fyrrum aðstoðarskólameistara hafa færst á borð skólameistara og dreifst á aðra aðila innan húss. Verkefnastjóri kerfismála heldur utan um þróun UT mála innan skólans og nú síðast má nefna fartölvuvæðingu kennara. Fjármálastjóri hefur starfað í 40% hlutfalli við skólann frá hausti 2016 og þeir þættir sem snerta fjármálaumsýslu hafa færst að hluta til frá skólameistara til fjármálastjóra. Taka skal þó fram að ML er í launaafgreiðslu og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslunni. Vegna aukinna krafna hin síðustu ár til framhaldsskóla um innra mat, stefnumótanir, áætlanir, málalyklun, vinnsluskrár, persónuverndarmál, innleiðing Grænu skrefanna, jafnlaunavottunar o.fl. var ráðinn verkefnastjóri/gæðastjóri í 25% starf haustið 2019 og var það stöðugildi aukið í 50% haustið 2020.</i></p> <p><i>Haustönn 2020 starfa 20 einstaklingar við kennslu og stjórnun, 5 kk. og 15 kvk. Allir með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi utan einn sem er í afleysingu á haustönn 2020 í hálfu starfi og gestakennari sem kennir hálfan áfanga á móti öðrum kennara, sem sérfræðingur í leiðsögn. Skólameistari er kvenkyns þetta haustið en hefur hingað til verið karlkyns (skólameistari er í veikindaleyfi), áfangastjóri í hálfu starfi og staðgengill skólameistara er kvenkyns og náms- og starfsráðgjafi í hálfu starfi er kvenkyns. Skólameistari er í veikindaleyfi á haustönn 2020, framlengt til og með 30. Mars 2021. Aðrir starfsmenn eru 17; 8 kk. og 9 kvk. Margir eru í hlutastarfi (ásamt því að ræstitækjar eru á 9 mánaða ráðningu vetur hvern).</i></p> <p><i>Sérstök námsaðstoð er nú komin af stað fyrir nemendur skólans sem eru með annað móðurmál en íslensku. Reiknað er með að sú þörf aukist á næstu árum og því þarf að gera ráð fyrir auknu fjármagni í þá þjónustu.</i></p> <p><i>Aldurssamsetning starfsmanna haustönn 2020 (mötuneyti og þvottahús meðtalið):</i></p> <table border="1" data-bbox="315 1078 1084 1324"> <thead> <tr> <th>Aldur</th> <th>stjórnendur</th> <th>kennarar</th> <th>annað starfsfólk</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>20-30</td> <td></td> <td>1</td> <td>3</td> </tr> <tr> <td>30-40</td> <td>1</td> <td>7</td> <td>3</td> </tr> <tr> <td>40-50</td> <td>1</td> <td>6</td> <td>2</td> </tr> <tr> <td>50-60</td> <td></td> <td>3</td> <td>5</td> </tr> </tbody> </table>	Aldur	stjórnendur	kennarar	annað starfsfólk	20-30		1	3	30-40	1	7	3	40-50	1	6	2	50-60		3	5
Aldur	stjórnendur	kennarar	annað starfsfólk																		
20-30		1	3																		
30-40	1	7	3																		
40-50	1	6	2																		
50-60		3	5																		

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

	>60	1	2	2		
<p><i>Stefnur á heimasíðu skólans: Stefna skólans og stefna skólans sem ríkisaðila, starfsmannastefna, umhverfisstefna (ML er með grænfanann), jafnréttisáætlun og jafnlaunastefna, heilsustefna og forvarnarstefna (ML er HeF skóli), áætlun gegn einelti og ofbeldi, viðbrögð við vá (vörn gegn vá, fjöldahjálparstöð), aðbúnaður og öryggi, rýmingaráætlun, áfallaáætlun, móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og viðbragðsáætlun vegna inflúensu. Viðbragðsáætlun vegna Covid-19 og viðbragðsáætlun við smitsjúkdómafaraldri. Jafnlaunavottun er í vinnslu og mun henni ljúka veturinn 2020-2021.</i></p> <p><i>Stór þáttur rekstrar skólans er rekstur húsnæðis m.a. þar sem skólinn er heimavistarskóli. Í samræmi við umhverfisstefnu skólans er leitast við að vera með vistvæn innkaup s.s. vegna ræstinga og vegna lýsingar svo eitthvað sé nefnt. Skólinn er kominn vel af stað með Grænt bókhald en verkefnastjóri/umhverfisfræðingur hefur verið ráðinn til að halda utan um það verkefni í verktöku. Vottun vegna Græns bókhalds, fyrsta skref, fékkst á vorönn 2019. Vinnu við annað skref Grænu skrefanna mun ljúka haustið 2020 og áframhaldandi vinna við það verkefni verður áfram uppi á teningnum vorið 2021.</i></p> <p><i>Innra mat er að mestu í samræmi við áætlun sem skólinn hefur sett sér, sjá heimasíðu og sjálfsmatskýrslu. Starfandi er sjálfsmatsnefnd sem fundar reglulega, nú um fjórum sinnum á önn. Utanumhald er á hendi verkefnastjóra/gæðastjóra.</i></p> <p><i>Ytri úttekt ráðuneytisins var á starfsemi Menntaskólans að Laugarvatni árið 2013 og eru niðurstöður hennar á heimasíðu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Ný ytri úttekt ráðuneytisins var vorið 2018 og er hún birt á vef ráðuneytisins ásamt umbótaáætlun nar skólans. Umbótaáætlun stendur og gengur vel.</i></p>						
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar		Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021 Viðmið 2023

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

B1	Að bæta starfsaðstöðu fyrir nemendur og kennara í samráði við Ríkiseignir	Hópa- og vinnuaðstaða nemenda í fyrrum tölvuveri	Endurnýjun á húsbúnaði og nýtt skipulag	Ekki hafið	Undirbúningur hafinn	Lokið
		Nýtt kennslurými í austurenda kennsluálmú	Teikningar og samráðsfundir með arkitekt frá Arkís	Ekki hafið	Vinna hafin	Vinnu lokið
		Ánægja með lýsingu í vinnuaðstöðu kennara	Niðurstaða úr könnun; „Stofnun ársins“ og könnun sem lögð var fyrir starfsfólk	Ánægja með lýsingu í könnuninni Stofnun ársins: 4,04	Ánægja með lýsingu í könnuninni Stofnun ársins: 4,35	Ánægja með lýsingu í könnuninni Stofnun ársins : 4,6
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B1.1	Tölvuver aflagt og breytt í einstaklings- og hópa-vinnuaðstöðu				2020	2022
B1.2	Ný hönnun á rými sem nýta á sem fjölnota kennslurými í verklegri kennslu				2020	2022
B1.3	Bæta lýsingu eins og við á í vinnuaðstöðu kennara.				2020	2022
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
		Námskeið sem kennarar og stjórnendur sækja	Afhent skírteini starfsmanna til skrifstofu vegna	37% - (7/19)	42% - (8/19)	47% - (9/19)

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

B2	Aukin starfsþróun kennara og annars starfsfólks. Að efla mannleg samskipti og samvinnu.		námskeiða sem þeir sækja eða skv. skráningu			
		Námskeið sem aðrir starfsmenn sækja	Afhent skírteini starfsmanna til skrifstofu vegna námskeiða sem þeir sækja eða skv. skráningu	46% - (6/13)	46% - (6/13)	46% - (6/13)
		Starfsþróunaráætlun í gildi	Fundargerðir verkefnastjórnar og starfendarannsóknahóps	Ekki hafið	Umræða og skipulag á byrjunarstigi	Starfsþróunaráætlun komin í framkvæmd
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B2.1	Starfs- og endurmenntunarnámskeið haldin árlega í skólanum (eftir því sem við á í samstarfi við verkefnastjóra)				2020	2022
B2.2	Að starfsmenn sækja sí- og endurmenntun – hvati í stofnanasamningi þar sem starfsmenn fá greiðslu fyrir þann klukkustundafjölda sem liggur að baki námskeiði				2020	2022
B2.3	Mótun starfsþróunaráætlunar fyrir skólann þar sem skapaður er hvati fyrir starfsfólk til að auka menntun sína og færni				Haust 2020	2022
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

B3	Að bæta félagsaðstöðu nemenda	Bætt aðstaða í N-stofu (félagsrými nemenda)	Niðurstaða funda rýnihóps um félagsaðstöðu nemenda	Þörf fyrir umbætur á rými fyrir félagsstarf nemenda	Verkefni í undirbúningi	Verkefni lokið á árinu
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B3.1	Endurhönnun N-stofu				2021	2022
B3.2	Hugmynda- og hönnunarfundir með nemendum, stjórnendum og umsjónarmanni fasteigna				Vor 2021	Haust 2021
B3.3	Endurskipulagning á N-stofu				Vor 2022	Haust 2022

Leiðbeiningar við móttun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Almennt um skjalið

Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar er engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuð áætlun.

Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna.

Gera má nánari grein fyrir stefnumiðaðri áætlun aðila til þriggja ára og framkvæmd hennar í viðauka.

Stefnumiðaða áætlunin verður birt á vefjum aðila og Stjórnarráðsins.

Kjarnastarfsemi

Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila, undir hvaða málaflokk/a starfsemin fellur og hlutverki við framkvæmd stefnu innan málaflokksins. Þetta er ekki hugsað sem tæmandi listi yfir lögbundin verkefni heldur yfirlit yfir eðli eða tegundir verkefna og tengingu þeirra við opinberar stefnur og áætlanir.

Eftir því sem mögulegt er skal gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum í kjarnastarfsemi aðila.

Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun kjarnastarfsemi.

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokki, sbr. fjármálaáætlun.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (*outcome*) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (*input*) aðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

HM er skammstöfun fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og valkvætt er skrá númer þess heimsmarkmiðs sem viðkomandi markmið styður við. Hægt er að hafa til hliðsjónar heimsmarkmið sem skilgreind eru í markmiðatöflu í fjármálaáætlun.

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar mælikvarða sem skilgreindir eru í markmiðatöflu í gildandi fjármálaáætlun.

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvernær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára. Hafa skal til hliðsjónar þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðatöflu í gildandi fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sérstaklega ef þær eru á ábyrgð aðila.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.

Rekstrarþættir

Gera skal grein fyrir hvernig innra starf og skipulag ríkisaðila styður við kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Fjalla skal stuttlega um áherslur og áætlaða þróun í innra starfi s.s. stjórnskipulagi, fjármálum, mannauðsmálum (fjöldi starfsmanna, stjórnendur, starfstöðvar, áætlun aukna þörf o.s.frv.) jafnréttismálum, umhverfismálum og upplýsingatækni.

Loks skal gera grein fyrir hvernig gæði og árangur í allri starfsemi eru metin. Er starfsemi metin reglulega? Hvernig er matið framkvæmt? Hvernig er gripið til úrbóta? Í hve ríkum mæli eru

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið fyrir rekstrarþætti, í viðum skilningi og almenna starfsemi aðila.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að auknum gæðum í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti. Markmiðin ættu að taka til aukinnar skilvirkni í starfsemi ríkisaðila, umbóta á sviði mannauðsmála og umhverfismála. Sem dæmi má taka mið af áherslum um betri vinnutíma og umbótasamtal því tengt auk markmiða stjórnvalda sem miða að því að stafræn samskipti séu megin samskiptaleið við ríkið og að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur af markmiðasetningu?

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem stefnumiðaða áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvenær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.